



Menntun - Mannrækt

*Grunar þig að
einhver sé lagður
í einelti?*



Eineltisteymi:
Ásgerður Þorgeirsdóttir
skólastjóri
Drífa Gunnarsdóttir
deildarstjóri
Guðjón Sigbjörnsson
námsráðgjafi
Helena Rafsdóttir
deildarstjóri
Jóhanna Snævarsdóttir
sérkennari
Skúli Sigurðsson
umsjónarkennari



Virðing—Ábyrgð—Vinsemd

Njarðvíkurskóli
S 420-3000
<http://www.njardvikurskoli.is>
njardvikurskoli@njardvikurskoli.is

NJARÐVÍKURSKÓLI



Ei nel ti staðfest /
Hvað þá?

Vi nnuferl i 2

1. Allir sem koma að þolanda og geranda (gangaverðir, kennarar, starfsfólk skólans, starfsfólk íþróttahúss) þurfa að vera vel upplýstir og ber þeim að tilkynna til eineltisteymis ef þeir verða varir við eineltishegðun. Öll eineltishegðun sem er tilkynnt er skráð. Umsjónarkennari og foreldrar/forráðamenn miðla daglega milli sín hvernig dagurinn gekk í skólanum og afrit sent til fulltrúa eineltisteymis.
2. Fulltrúar eineltisteymis ræða við þolanda og geranda daglega á fyrirfram ákveðnum tíma (sjá kafla 9 í handbók Olweusar).
3. Geranda er gert ljóst að einelti verði ekki liðið og að gerðir hans séu staðfestar og skráðar af fleiri en einum aðila.
4. Fulltrúar eineltisteymis taka viðtöl við örfáa nemendur í bekknum (þeir gefa oft gleggstu myndina) (sjá kafla 9 í handbók Olweusar).
5. Einstaklingsbundin viðtöl við þolandann og forráðamenn (sjá kafla 9 í hand bók Olweusar) vikulega. Ef eineltisteymi og forráðamenn eru sammála um að eineltishegðun sé áfram viðvarandi taka þeir ákvörðun í sameiningu um hvenær málinu skal vísað til Fræðsluskrifstofu.
6. Máli lýkur ekki fyrr en foreldrar þolanda hafa fullvissað skólann um að eineltið gagnvart barni þeirra hafi stöðvast. **Foreldrar þurfa að staðfesta málalok með undirskrift sinni.**
7. Foreldrum geranda er tilkynnt um niðurstöðu málsins.
8. Aðilar máls eru upplýstir um að ef vottur af einelti birtist á ný verði málið tekið strax upp aftur.

Eftirfylgni:

Eineltisteymi fylgir eftir hverju máli þótt það teljist vera lokið með því að veita málsaðilum öllum viðeigandi stuðning eða aðra aðstoð sem við á hverju sinni.